



124. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 26. maí, 2005, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi frá Erlendi Magnússyni.
2. Gögn vegna UML 2007 á Blönduósi sbr. fundur bæjarráðs frá 28. apríl sl.
3. Erindi frá Hvöt vegna smábæjarleika 10-12. júní.
4. Erindi frá sóknarnefnd Blönduóskirkju.
5. Bréf frá starfsmönnum Leikskólans Barnabæjar.
6. Erindi frá Hollvinasamtökum HSB.
7. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Erindi frá Erlendi Magnússyni.

Í erindi bréfitara er ítrekað fyrra erindi frá nóvember 2003, þar sem þess er óskað að núverandi lóðir Brimslóðar 6 og 8 verði mældar upp af tilkvöddum mælingamönnum og eftir núverandi leigusamningum.

Bæjarráð ítrekar fyrri afgreiðslu skipulags- og bygginganefndar frá 12. október 2004, þar segir m.a.: "Þrátt fyrir að afsalínu hafi ekki verið þinglýst hefur verið byggt á því allt frá árinu 1964 og lóðir afmarkaðar og nýttar samkvæmt því. Samkvæmt munnlegu lögfræðialiti sem nefndin hefur aflað sér hefur Blönduóssbær unnið hefð á þeirri nýtingu lóðarinnar sem á hefur verið byggt allt frá árinu 1964 þrátt fyrir að afsalínu hafi ekki verið þinglýst. Er því hafnað beiðni Erlendar um uppmælingu lóðarinnar á grundvelli lóðarleigusamningsins frá árinu 1932."

Á það skal hins vegar bent að skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, 8. gr., er þeim aðilum, sem ósáttir eru með stærð lóðar sinnar skv. deiliskipulagi, gefinn kostur á að leita til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar er kærufrestur einn mánuður.

2. Gögn vegna UML 2007 á Blönduósi sbr. fundur bæjarráðs frá 28. apríl sl.

Fram lögð kynningargögn frá USAH vegna Unglingalandsmóts UMFÍ á Blönduósi 2007. Samkvæmt fjárhagsáætlun eru kostnaðarliðir vegna mótshalds áætlaðir um 40 mkr. og þar af er áætlað að tekjur vegna styrkja séu um 25 mkr. Samkvæmt áætluninni er beinn kostnaður vegna mótsins því um 15 mkr.

Bæjarráð styður USAH í að sækja um að halda Unglingalandsmót UMFÍ á Blönduósi árið 2007.



3. Erindi frá Hvöt vegna Smábæjarleika 10-12. júní.

Í erindi fulltrúa Hvatar er þess óskað að sveitarfélagið aðstoði við mótshaldið.

Bæjarráð samþykkir að koma að verkefninu og aðstoða við undirbúning Smábæjarleikanna.

4. Erindi frá sóknarnefnd Blönduóskirkju.

Sótt er um styrk að upphæð kr. 150.000,- til að unnt sé að greiða starfsmönnum til leiðsagnar gestum í kirkjunni frá 15. júní til og með 15. ágúst nk.

Bæjarráð frestar afgreiðslu.

5. Bréf frá starfsmönnum Leikskólans Barnabæjar.

Í bréfinu er kynnt þróunarverkefni sem starfsmenn leikskólans eru að vinna að og hefur það að markmiði að gera góðan skóla betri. Lagt fram til kynningar.

6. Erindi frá Hollvinasamtökum HSB.

Í erindinu er greint frá því að gengið hefur verið frá pöntun í tækjabúnað sem verið er að safna fyrir. Óskar stjórn Hollvinasamtakanna eftir framlagi frá sveitarfélaginu til tækjakaupanna.

Bæjarráð samþykkir 500 þúsund kr. til Hollvinasamtaka HSB til tækjakaupa.

7. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00 .

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)